




Farsóttufréttir

Fréttabréf sóttvarnalæknis

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Notkun sýklalyfja hérlendis eykst á ný

Vaxandi sýklalyfjaónæmi er eitt helsta lýðheilsuvandamál 21. aldarinnar. Samkvæmt Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) tengjast árlega yfir 35 þúsund dauðsföll í ríkjum ESB/EES sýkingum af völdum ónæmra sýkla.¹ Skynsamleg notkun sýklalyfja er mikilvægur þáttur í að hindra frekari útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Sóttvarnalæknir fylgist náið með notkun sýklalyfja á Íslandi sem hefur síðustu ár verið nálægt vegnu meðallagi fyrir Evrópulönd (14,8 DID árið 2021) en meiri en á öðrum Norðurlöndum (spönn 8,7 til 12,8 DID árið 2021) utan sjúkrahúsa.² DID er fjöldi dagskammta á 1000 einstaklinga á dag.



Mynd 1. Fjöldi sýklalyfjaávíisana (ATC J01) mældur sem fjöldi dagskammta (DDD) á 1000 einstaklinga á dag (DID) eftir árum og sýklalyfjaflokki. Notkun ársins 2023 nær til 25. maí.

Efni

Notkun sýklalyfja hérlendis eykst á ný	1
MPX veirusýking (apabóla).....	3
Aukning á lekanda	4
Bólusetningar.....	6
Tengiliðir sýkingavarna í sóttvarnaumdæmum ..	7
Heimildir	7

Bls.

Ritstjórn

Hildigunnur Anna Hall, ritstjóri
Guðrún Aspelund, sóttvarnalæknir, ábm.
Anna Margrét Guðmundsdóttir
Anna Margrét Halldórsdóttir
Ása St. Atladóttir
Hólmfríður G. Pálsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla S. Jósefsdóttir
Maríanna Þórðardóttir
Tryggvi Hjörtur Oddsson


Embætti landlæknis Sóttvarnalæknir

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is


Á árunum 2017–2020 varð sú jákvæða þróun að ávísunum á sýklalyf héraðs fækkaði verulega, úr 18,5 í 14,8 DID. Mest dró úr sýklalyfjaávísunum árið 2020 eftir að COVID-19 faraldurinn hófst með tilheyrandi sóttvörnum þ.m.t. samkomutakmörkunum og fækkun annarra sýkinga. Hins vegar fjölgaði ávísunum á ný árin 2021 og 2022. Þannig var heildarnotkun sýklalyfja árið 2022 sambærileg notkun ársins 2019 (17,0 DID bæði árin). Sem fyrr voru penicillínsambönd / beta-laktam sýklalyf langmest notaði sýklalyfjaflokkurinn (Mynd 1).

Penicillínlyf eru mikið notuð við algengum bakteríusýkingum í öndunarfarum. Til dæmis er fenoxymetylpenicillín kjörlyf við streptókokkahálsbólgu og amoxicillín (J01CA04) kjörlyf við bráðri eyrnabólgu. Síðasta hálfu árið héraðs fjölgaði ávísunum á fenoxymetylpenicillín mjög miðað við fyrri ár í desember 2022 og enn meir í janúar og mars 2023 (Mynd 2). Líklegasta skýringin er faraldur grúppu A streptókokkasýkinga sem stóð yfir frá desember 2022 til apríl 2023.

Skortur varð hins vegar á fenoxymetylpenicillíni í febrúar 2023 og notkun var mun minni þá en næstu mánuði fyrir og eftir. Notkun á öðrum gerðum sýklalyfja jókst samhlíða þessum lyfjaskorti, sérstaklega fyrstu kynslóðar kefalósporíninu cefalexíni (Mynd 3). Skortur á algengum sýklalyfjum á markaði hefur verið töluvert vandamál síðustu misseri, ekki síst á lyfjaformum fyrir börn (mixtúrum). Margar skýringar geta legið að baki lyfjaskorti, svo sem vandamál í framleiðsluferli og aukin eftirspurn.



Mynd 2. Fjöldi ávísana fyrir fenoxymetylpenicillín á hverja 1000 íbúa á mánuði eftir ári.



Mynd 3. Fjöldi ávísana fyrir cefalexín á hverja 1000 íbúa á mánuði eftir ári.

Ljóst er að notkun sýklalyfja endurspeglar að hluta algengi ýmissa sýkinga í samfélaginu á hverjum tíma. Þetta kom greinilega fram í COVID-19 faraldrinum þegar víðtækar sóttvarnaráðstafanir drógu bæði úr tíðni ýmissa öndunarfærasýkinga og notkun sýklalyfja. Hið gagnstæða gerðist svo síðastliðinn vetur þegar notkun sýklalyfja jókst í kjölfar faraldurs streptókokkasýkinga.


Aftur á móti skýrist notkun sýklalyfja ekki einvörðungu af tímabundnum sveiflum á tíðni sýkinga. Til dæmis hefur notkun tetracyklínlyfja haldist svipuð síðustu ár (Mynd 1), en doxycyklín er með mest notuðu sýklalyfjum hérlendis. Ekkert annað Evrópuland notar jafnmikið af þessum lyfjaflokki og Ísland.³ Skýring á þessari miklu notkun hérlendis liggur ekki fyrir en lyfið er vinsæll valkostur hjá bæði húðlæknum og heimilislæknum við meðhöndlun ýmissa sýkinga og við unglingsbólum.²

Sýklalyf hafa bjargað mörgum mannlífum og eru nauðsynlegur hluti nútíma heilbrigðisþjónustu. Bæði heilbrigðisstarfsfólk og almenningur þurfa þó áfram að hafa í huga mikilvægi þess að nota sýklalyf skynsamlega.

MPX veirusýking (apabóla)

Nafni apabólu hefur verið breytt og heitir sjúkdómurinn nú MPX veirusýking en veiran MPX veira. Þetta er gert í samræmi við tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Á ensku mun sjúkdómurinn og veiran nú kallast mpox en heitið monkeypox verður notað samhliða í eitt ár. Breytingin mun koma fram í uppfærslu á alþjóðlegri flokkun sjúkdóma (ICD kerfi) á þessu ári.

MPX sýking er veirusjúkdómur sem er landlægur í Mið- og Vestur Afríku þar sem veiran smitast helst frá dýrum í fólk. Árið 2022 greindust hins vegar tilfelli MPX veirusýkingar í mörgum öðrum löndum, innan og utan Evrópu, þar með talið á Íslandi. Dreifing þessara smita er manna á milli, sem er óvenjulegra en ekki óþekkt. Allir geta smitast en flest smit hafa borist á milli karla sem stunda kynlíf með körlum. Alls greindust 16 tilfelli á Íslandi í fyrra (Mynd 4).




Mynd 4. Mánaðarlegur fjöldi greindra MPX veirusýkinga eftir mánuðum ársins 2022.

Ekkert tilfelli hefur greinst á Íslandi síðan í október 2022. WHO lýsti því yfir nýlega að MPX veirusýking er ekki lengur heilbrigðisvá þvert á landamæri (e. public health event of international concern; PHEIC). Síðustu mánuði hefur dregið mjög úr fjölda tilfella í heiminum og ekki orðið vart við ný einkenni eða alvarlegri veikindi en áður. Áfram þarf þó að sýna árvekni gagnvart sjúkdómnum en horfa nú til lengri tíma. Hvetur WHO sóttvarnaryfirvöld landa að vera á varðbergi gagnvart sjúkdómnum og vera tilbúin með verkferla til að takast á við ný smit sem geta komið upp í tengslum við viðburði í sumar. Jafnframt hvetur WHO áfram til bólusetningar áhættuhópa.


Aukning á lekanda

Lekandi er kynsjúkdómur sem er mjög smitandi. Sjúkdómurinn getur valdið mjög alvarlegum einkennum hjá konum og körlum en fólk getur einnig verið einkennalaust og smitað aðra. Þá getur smit borist frá móður til barns í fæðingu og valdið alvarlegri augnsýkingu hjá börnum. Greindum tilfellum lekanda á Íslandi hefur farið fjölgandi síðustu ár og hafa aldrei verið fleiri en á síðasta ári eða alls 159. Tilfellum fækkaði þó heldur í heimsfaraldrinum og greindust 96 árið 2020 (Mynd 5).




Mynd 5. Árlegur fjöldi lekandatilfella árin 2013–2022.

Árið 2022 greindust 70% lekandatilfella hjá karlmönnum og 30% hjá konum. Á árinu 2022 varð aukning meðal kvenna samanborið við árið 2021, en kynjahlutfallið hefur sveiflast svolítið milli ára (Mynd 6). Undanfarin 5 ár hafa flestir verið að greinast í aldurshópnum 25–34 ára nema árið 2020 þegar fleiri á aldrinum 15–24 ára greindust (Mynd 7).



Mynd 6. Skipting lekandatilfella áráanna 2013–2022 eftir kyni.



Mynd 7. Skipting lekandatilfella áráanna 2013–2022 eftir aldri.

Fjölgun tilfella lekanda á árinu 2022 hefur einnig sést í öðrum löndum Evrópu. Í Noregi varð aukning tilfella hjá gagnkynhneigðu yngra fólki. Sérstakar áhyggjur eru þar í landi af aukningu lekandasmitta hjá ungum konum þar sem lekandi getur valdið svæstum sýkingum og ófrjósemi hjá konum. Ekki hafa komið fram ákveðnar skýringar á þessari aukningu en ein af hugsanlegum skýringum sem sóttvarnarstofnun Noregs (Folkehelseinstituttet) hefur sett fram á þessari fjölgun lekandasmitta er opnun samfélagsins á ný eftir

COVID-19 heimsfaraldurinn.⁴ Í Hollandi og Bretlandi hefur einnig sést aukning á lekandatilfellum hjá yngra fólki af báðum kynjum. Vaxandi áhyggjur eru af sýklalyfjaónæmum lekandabakteríum sem getur þýtt að erfiðara er að meðhöndla lekanda með hefðbundnum sýklalyfjum.

Bólusetningar

Árlegur fræðsludagur sóttvarnalæknis og Þróunar- miðstöðvar íslenskrar heilsugæslu um bólusetningar var haldinn 28. apríl sl. Í fyrsta sinn var hann tengdur alþjóðlegri viku bólusetninga og efnið byggt á þema sem er valið af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO). Í þetta sinn var þemað „Brúum bilið“ (e. The Big Catch-Up) og er þá átt við annars vegar bilið milli bólusetningaviðmiða og raunþátttöku og hins vegar þátttöku fyrir upphaf COVID-19 faraldursins miðað við þátttöku á meðan heimsfaraldri stóð. Hérlandis hefur þátttaka í barnabólusetningum yfirleitt verið yfir eða við viðmið WHO en nokkurra áhrifa COVID-19 faraldursins gætir hér eins og víðast hvar, og er tilefni til að fylgjast sérstaklega með hvernig gengur að vinna upp



Mynd: Frá árlegum fræðsludegi um bólusetningar, Kamilla Sigríður Jósefsdóttir, sérfræðingur í smitsjúkdómum barna og verkefnisstjóri á sóttvarnasviði embættis landlæknis.

halann í smábarna- og skólabólusetningum út þetta ár. Þátttaka fullorðinna í influensubólusetningu hefur aukist frá því fyrir heimsfaraldurinn (úr <50% í yfir 55%) en er enn langt frá viðmiði WHO um 75%. Þátttaka fullorðinna í lungnabólusetningu hefur verið slök og þrátt fyrir bætt aðgengi að bóluefni sl. 3–4 ár hefur tímabundin aukning í bólusetningum 2020–2021 nú dregist saman aftur.

Töluverðar breytingar verða á bóluefnum í almennum bólusetningum þetta ár eftir nýafstaðið útboð bóluefna gegn heilahimnubólubakteríu, lungnabólubakteríu og HPV. Unnið er að uppfærslu á útgefnu efni sem málið varðar.

- Tímasetningar bólusetninga á fyrstu tveimur aldursárum munu breytast lítillega til að fá sem best áhrif af bólusetningu gegn heilahimnubólubakteríum, nákvæm tilhögun verður kynnt síðar.
- Breiðvirkara bóluefni gegn lungnabólubakteríu verður tekið í notkun á öðrum ársfjórðungi en krefst engra breytinga á tímasetningum ungbarnabólusetninga. Þetta bóluefni beinist gegn þeim gerðum bakteríunnar sem voru mest áberandi hjá börnum á síðasta ári auk allra þeirra gerða sem fyrra bóluefni beindist gegn.
- Bólusetning gegn HPV veiru, bæði krabbameinsvaldandi gerðum og vörtuveirum, óháð kyni, hefst með árgangi 2011 í skólum í haust.

Tengiliðir sýkingavarna í sóttvarnaumdæmum

Sýkingavarnir eru afar mikilvægur þáttur heilbrigðisþjónustunnar hvort sem hún fer fram á sjúkrahúsum, í heilsugæslu, á lækna- og meðferðastofum eða í heimahúsum. Það sama á við um daglegt líf fólks því sýkingavarnir í formi handhreinsunar, hreinsunar áhalda og umhverfis, réttri meðhöndlun matvæla, að smitaðir haldi sig heima meðan einkenni vara o.s.frv. skipta miklu máli fyrir almennt heilbrigði. Mikilvægi sýkingavarna og fræðslu um þær, bæði fyrir heilbrigðisstarfsfólk og almenning, kom vel í ljós í COVID-19 faraldrinum.

Frá árinu 2003 hefur landinu verið skipt í sóttvarnaumdæmi sem afmörkuð eru með sama hætti og heilbrigðisumdæmi. Umdæmislæknar sóttvarna starfa í hverju sóttvarnaumdæmi og eru tilnefndir af ráðherra samkvæmt tillögu sóttvarnalækni sbr. sóttvarnalög. Umdæmislæknar sóttvarna eru jafnframt heilsugæslulæknar og eru ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi í samvinnu við sóttvarnalækni.

Á Landspítala starfar sóttvarnanefnd sem er stjórn spítalans til ráðgjafar um sóttvarnir í samstarfi við sóttvarnalækni sbr. [reglugerð nr. 817/2012 um sóttvarnaráðstafanir](#). Þá starfar á Landspítala sýkingavarnadeild sem skráir sýkingar í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu og stuðlar að sýkingavörnum innan Landspítala. Á sjúkrahúsum, öðrum en Landspítala, skulu einnig starfa sýkingavarnanefndir sem skrá sýkingar í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu og stuðla að sýkingavörnum innan stofnananna sbr. áður nefnda reglugerð. Jafnframt skal vera til staðar þekking og grunnviðbúnaður sem snýr að sóttvörnum á heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna.

Til að efla samstarf um sýkingavarnir sérstaklega ákvað sóttvarnalæknir að stofna hóp sem hefur það hlutverk að vera tengiliður sýkingavarna í sóttvarnaumdæmum. Umdæmislæknar sóttvarna tilnefndu fulltrúa hvers umdæmis og hafa sjö hjúkrunarfræðingar verið skipaðir í hópinn. Tilgangurinn með skipan hópsins er að skapa samráðsvettvang varðandi málefni sem snerta sýkingavarnir og tryggja góða upplýsingamiðlun bæði frá sóttvarnalækni til umdæmanna og frá umdæmunum til sóttvarnalækni. Vonast er til að skipan hópsins stuðli að vel útfærðum sýkingavörnum í umdæmunum.

Heimildir

1. European Centre for Disease Prevention and Control. Assessing the health burden of infections with antibiotic-resistant bacteria in the EU/EEA, 2016-2020. Stockholm: ECDC; 2022.
2. [Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería í mönnum og dýrum á Íslandi 2021](#). Reykjavík: Embætti landlækni; 2022.
3. European Centre for Disease Prevention and Control. Antimicrobial consumption in the EU/EEA (ESAC-Net) - Annual Epidemiological Report 2021. Stockholm: ECDC; 2022.
4. [Bekymringsfull økning i gonoré](#). Oslo: FHI; 2023.